

Nautgripasæðingar 2024

Sveinbjörn Eyjólfsson

NBI ehf, Hesti

Hér kemur skýrsla þar sem fjallað er um sæðingastarfsemina á árinu 2024 og nokkrar lykiltölur bornar saman við fyrri ár. Þá er reynt að skoða hlutfallslega notkun sæðinga í hverjum landshluta.

Við nýtum allar bestu fáanlegar upplýsingar og tölur sem næst þeim tíma sem skýrslan tekur til. Sé ekki annað tekið fram eru þær allar fengnar á einn eða annan hátt úr Huppu. Enn er vakin athygli á því að fjöldi kvígna er helmingur af því sem fram kemur í Huppu.


Við skulum skoða þróun í fjölda sæðinga á síðustu árum. Kúm fækkar enn og nú um 165 á árinu 2024 miðað við árið á undan. Óvarlegt er að fjölýrða um fjölgun eða fækkun kvígna allt eftir við hvað er miðað. Við vinnum með að kvígum hafi fækkað um 136 á milli ára. Heildarfjöldi gripa er því svipaður því sem ætti að tákna fjölda fyrstu sæðinga. Það er hins vegar ekki raunin, því miður. Þó fyrstu sæðingum fjölgi um 652 (800 í fyrra) á milli ára vantar enn of marga gripi inn í ræktunarstarfið. Fjölgun sæðinga er stórt skref en þau þurfa að verða enn fleiri, heimanautin fá rúmlega sitt sem fyrir ræktunina er afleitt.

Heildarfjöldi sæðinga er meiri en í fyrra sem er gott og vitnar um meiri áhuga. Þegar að erfðamatið verður farið að vinna enn frekar með okkur í ræktuninni og kyngreining verður meiri þá koma kvígurnar inn. Þá fyrst fara kynbæturnar virkilega að telja.

Ár	1. sæðing	Hlutfallsleg breyting frá 2012	Allar sæðingar	Hlutfallsleg breyting frá 2012
2012	25.458		43.590	
2013	25.950	2%	45.431	4%
2014	27.660	8%	50.248	15%
2015	28.993	13%	52.862	21%
2016	28.062	10%	49.848	14%
2017	29.376	15%	49.055	12%
2018	27.028	6%	46.660	7%
2019	27.017	6%	48.176	10%
2020	25.559	0%	46.027	5%
2021	26109	2%	45156	3%
2022	25276	-1%	42848	-2%
2023	26058	2%	43489	0%
2024	26710	5%	45623	5%

Á árinu 2024 voru sæddar 26.710 (26.058) kýr/kvígur 1. sæðingu eða 79,7 (78,7) af hundraði af heildarfjölda kúa og kvígna samkvæmt huppa.is um síðustu áramót. Árið 2020 og fyrr var miðað við tölur úr búfjartalningu árið á undan og þess vegna eru tölur frá 2021 ekki alveg samanburðarhæfar við tölur fyrri ára. Það breytir ekki því að við eigum mikið inni og getum bætt þátttöku í sæðingum, grundvallaratriði kynbóta, mikið enn.

Mynd 1 sýnir metinn árangur sæðinga áráanna 2012 til 2024, sem þýðir að kýrin/kvígan kom ekki til endursæðingar innan 56 daga frá sæðingu. Þessi samanburður sýnir að metið fanghlutfall hefur lækkað um 3% á milli ára. Það eru auðvitað mikil vonbrigði, ekki síst þegar litið til hins jákvæða stíðanda undanfarin fjögur ár. Engin einhlít skýring er til því fanghlutfall er sambland margra hluta. En nú bítum við í skjaldarrendur og stefnum öll að því að gera mun betur á árinu 2025. Til þess höfum við möguleika.



Tafla 2 sýnir árangur sæðinga eftir svæðum sl. þrjú ár. Fjöldi sæðinga sem kemur til mats hækkar enn, sem er gott. Metinn árangur lækkar hins vegar um þrjú prósentustig. Einungis þrjú svæði koma út með betri árangur en árið á undan en það eru S-Þing, Austurland og A-Skaft. Fall í metnu fanghlutfalli er einnig sýnt hér síðar og þá eftir mánuðum. Athyglisvert er að sjá hversu bratt fallið er síðustu mánuði ársins.

Tafla 2. Samanburður milli áráanna 2022. 2023 og 2024

Búnaðar-samband	2022		2023		2024	
	1.sæðing	Árangur	1.sæðing	Árangur	1. sæðing	Árangur
Kjalnesinga	307	71%	302	69%	287	68%
Borgarfjarðar	1727	66%	1686	68%	1791	65%
Snæfellinga	773	70%	754	70%	783	67%
Dalamanna	258	73%	290	73%	318	66%
Vestfjarða	430	75%	357	71%	306	69%
Strandamanna	44	80%	64	79%	81	67%
V-Hún.	493	70%	543	70%	569	66%
A-Hún.	828	75%	783	74%	833	73%
Skagafjarðar	2578	66%	2786	69%	2929	65%
Eyjafjarðar	4613	72%	4597	73%	4568	69%
S-Þing.	1346	67%	1297	68%	1349	71%
Austurlands	846	60%	986	58%	963	61%
A-Skaft.	433	71%	468	69%	387	70%
V-skaft	598	74%	635	71%	594	69%
Rangárvalls	3569	69%	3655	70%	3760	67%
Árnessýsla	5212	68%	5569	69%	5697	67%
Landið	24055	69%	24772	70%	25215	67%

Alltaf er fróðlegt að skoða hlutfallslega notkun sæðinga. Næstu þrjú yfirlit sýna hlutfallslega notkun og miðað er við fjölda kúa og kvígna úr huppa.is . Þessar tölur sýna að færri gripir hlutfallslega eru sæddir á árinu 2022 en fyrr. Það er þveröfugt við góða ræktunarmenningu. Þess vegna er ánægjulegt að hlutfallið eykst aftur á árinu 2023. Og enn betra að sjá að hlutfallsleg fjölgun heldur áfram á árinu 2024


2022					
Búnaðar-samband	Fjöldi kúa	Fjöldi kvígna	Samtals	2022 1.sæðing	Hlutfall sætt
Kjalnesinga	322	87	409	316	77,26%
Borg/Snæ	2.784	780	3564	2.703	75,84%
Dalamanna	385	122	507	278	54,83%
Vestfjarða	473	174	647	438	67,70%
Strandamanna	89	25	114	44	38,60%
V-Hún.	607	156	763	531	69,59%
A-Hún.	941	295	1236	879	71,12%
Skagafjarðar	2.822	750	3572	2.697	75,50%
Eyjafjarðar	4.857	1.227	6084	4.718	77,55%
S-Þing.	1.470	384	1854	1.383	74,60%
Austurlands	984	254	1238	930	75,12%
A-Skaft.	398	143	541	472	87,25%
Suðurlands	9.759	2.991	12750	9.889	77,56%
Landið	25.891	7.388	33.279	25.278	75,96%

2023					
Búnaðar-samband	Fjöldi kúa	Fjöldi kvígna	Samtals	2023 1.sæðing	Hlutfall sætt
Kjalnesinga	309	87	396	311	78,54%
Borg/Snæ	2.598	780	3.378	2.598	76,91%
Dalamanna	398	122	520	343	65,96%
Vestfjarða	409	174	583	376	64,49%
Strandamanna	96	25	121	64	52,89%
V-Hún.	618	156	774	560	72,35%
A-Hún.	930	295	1225	839	68,49%
Skagafjarðar	2.999	750	3749	2.898	77,30%
Eyjafjarðar	4.835	1.227	6062	4.691	77,38%
S-Þing.	1.435	384	1819	1.353	74,38%
Austurlands	980	254	1234	1.054	85,41%
A-Skaft.	413	143	556	521	93,71%
Suðurlands	9.705	2.991	12696	10.445	82,27%
Landið	25.725	7.283	33.113	26.053	78,68%


2024

Búnaðar-samband	Fjöldi kúa	Fjöldi kvígna	Samtals	2024 1.sæðing	Hlutfall sætt
Kjalnesinga	303	79	382	298	78,01%
Borg/Snæ	2.606	762	3368	2.726	80,94%
Dalamanna	372	119	491	397	80,86%
Vestfjarða	347	115	462	321	69,48%
Strandamanna	89	27	116	81	69,83%
V-Hún.	618	180	798	597	74,81%
A-Hún.	924	273	1197	919	76,78%
Skagafjarðar	3.015	763	3778	3.108	82,27%
Eyjafjarðar	4.706	1.259	5965	4.712	78,99%
S-Þing.	1.402	385	1787	1.389	77,73%
Austurlands	1.004	251	1255	1.034	82,39%
A-Skaft.	404	121	525	421	80,19%
Suðurlands	9.770	2.813	12583	10.655	84,68%
Landið	25.560	7.147	32.707	26.658	81,51%


Á mynd 2 má sjá fjölda 1. sæðinga eftir mánuðum síðastliðin þrjú ár. Á árinu 2024 eru flestar sæðingar í apríl og næst flestar í janúar. Fæstar sæðingar eru í september og svo litlu fleiri í ágúst. Sæðingum virðist vera að fjölga hlutfallslega fyrri hluta ársins og fækka á sumrin




Mynd 3 sýnir hlutfallslegan fjölda sæðinga eftir mánuðum. Ekki koma fram miklar breytingar milli ára. Myndin sýnir enn betur en fjöldatölur hversu hátt hlutfall sæðinga fer fram á fyrstu mánuðum ársins.




Á mynd 4 má sjá metið fanghlutfall í hverjum mánuði. Eins og sjá má er það að meðaltali dálítið lægra og upp í töluvert hærra, en árin á undan. Aðeins júní hefur metið fanghlutfall upp á 70%, meðaltal síðasta árs, og lægst fer það í 65% í desember. Þetta er slæm breyting en trúlega er margt sem ræður henni. Okkar er að finna lausnir.




Í fyrri skýrslum hef ég birt upplýsingar um metið fanghlutfall hjá einstökum nautum og held því áfram hér. Vegna erfðamats teljast öll naut „reynd“ og er því enginn greinarmunur gerður á þeim. Hér komast 42 naut á blað með 60 sæðingar eða meira. Á mynd 5 er ekkert naut með mikið frávík hvað varðar lágt fanghlutfall annað en Mjólnir 21025. Auðvitað gaman að sjá Banana og Garp standa upp úr en hvorugur þeirra var með margar sæðingar.



Á mynd 6 eru í raun nautin sem bera uppi sæðingarnar árið 2024. Þar fara Reykhóll og Ísjaki vel upp fyrir 70% og svo er rétt að nefna Goða 23018 frá Skarði. Sá gaf reyndar ekki mikið sæði og allt var það metið frekar lélegt að gæðum. Því voru menn varaðir við því að nýta það mikið. En hann svarar því með góðu metnu fanghlutfalli og er það von okkar að hann skili jafn myndarlegur gripum og hann var sjálfur. Auðvitað eru naut eins og Sjóður og Garri mikil vonbrigði. Ekkert í gæðamati þeirra gaf til kynna viðlíka árangur og þeir sýna hér. Garri var mikið notaður á skömmum tíma enda með úrvals eiginleika sem leitað er eftir. En vonandi náum við þessu öllu upp aftur með sameiginlegu átaki.



Á árinu 2024 fengum við tvær heimsókn frá Spermvital í Noregi. Á mynd 7 sjáum við metið fanghlutfall eftir notkun á því sæði. Metið fanghlutfall misjafnt en heilt yfir mjög gott.



Við á stöðinni viljum gjarnan sjá metinn árangur af sæðingum vaxa og batna og vilji okkar stendur til þess. Því er fall síðasta árs mikil vonbrigði og við verðum að skoða öll okkar vinnubrögð til að tryggja að aðeins það besta sé nógu gott. En þrátt fyrir fall megum við ekki missa trú á sæðingum. Þær eru grunnur áframhaldandi kynbóta á íslenska kúastofninum.

Rétt er að ítreka að allar tölur hér eru metnar og raunveruleikinn stundum annar.

Það er hlutverk okkar hér á stöðinni að að framleiða og láta frá okkur gott og heilbrigt sæði. Við vinnum líka með frjótæknum að betri vinnubrögðum og Höskuldur dýralæknir hefur heimsótt suma og stefnir að því að heimsækja fleiri. Við stóðum að námskeiði fyrir nýja frjótækna á síðasta ári í samvinnu við LBHÍ á Hvanneyri og tókst það vel.

Eftir því sem fram kemur í Huppu þá voru það 42 (42) frjótæknar sem skráðu sæðingar á árinu 2024. Þar af voru 6 konur, rétt eins og í fyrra. Rétt þó að geta þess að tvær konur sem tóku námskeið í fyrra hafa nú lokið verklega hlutanum og munu hefja störf á þessu ári.

Einn sæðingamaður skráði 7 sæðingar og annar 8. Hvoru tveggja eru afleysingamenn. Sá frjótæknir sem var með flestar sæðingar var Andri Már Sigurðsson í Eyjafirði (og að hluta í S-Þing) eða 3.909 (3.785) sæðingar. Þar af voru 2.432 (2.397) fyrstu sæðingar og metið fanghlutfall 69%, sem er afbragðsárangur í erfiðu ári. Næstur

kemur Davíð Bragason á Selfossi með 3.830 sæðingar og skýst þar með aðeins fram úr Guðmundi Jóni Skúlasyni á Suðurlandi með 3.753 sæðingar.

Af þeim frjótæknum sem skiluðu fleiri en þúsund sæðingum til mats á árangri á árinu 2024 voru tveir metnir með 70% árangur. Það voru Guðmundur Jón Skúlason á Suðurlandi og Valþór Freyr Þráinsson í S-Þingeyjarsýslu.

Sjötta árið í röð ætla ég að nefna þann frjótækni sem hefur bestan metinn árangur. Úrvalið eru allir frjótæknar sem sæddu fleiri en 200 fyrstu sæðingar á síðasta ári. Samkvæmt Huppu er það Hörður Már Grímsson á Tindum með 239 sæðingar og metið fanghlutfall upp á 77 af hundraði. Vert er einnig að geta Gísla Hólm Geirssonar í A-Húnavatnssýslu sem hefur metinn árangur upp á 72 af hundraði fyrir 814 fyrstu sæðingar.